

Niðurstöðuskjal

Frumvarpið var birt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is hinn 20. nóvember 2020 (mál nr. S-252/2020) og var umsagnarfrestur til 4. desember sama ár. Fjórar umsagnir bárust innan athugasemdafrests, frá einum einstaklingi, Landsvirkjun, Bændasamtökum Íslands og sameiginleg umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráðs Íslands. Þá bárust ráðuneytinu við vinnslu frumvarpsins umsagnir frá Samorku og Ríkiseignum.

Í athugasemdum Landsvirkjunar og Samorku kom fram að eyða þyrfti óvissu um gildissvið frumvarpsins og var óskar eftir að breytingar yrðu gerðar þannig að það kæmi skýrt fram að frumvarpið gildi ekki um auðlindanýtingu í þágu orkuvinnslu. Í umsögn Bændasamtakanna kom fram að áhersla væri lögð á að ekki ætti að hrófla við afnotarétti og óbeinum eignar-réttindum í þjóðlendum með frumvarpinu. Í sameiginlegri umsögn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka ferðaþjónustunnar og Viðskiptaráðs Íslands kom fram mikilvægt væri að móta laga-ramma sem tryggir að vel sé staðið að úthlutun á nýtingu lands í atvinnuskyni og að aðkoma einkaaðila og aukin fjárfesting þeirra geti stuðlað að nauðsynlegri uppbyggingu á landsvæði ríkisins og á sama tíma ýtt undir aukna verðmætasköpun og blómlegra atvinnulíf. Í umsögn-inni var einnig komið á framfæri athugasemdum varðandi fyrirkomulag nýtingarsamninga, takmarkanir á framleigu á mannvirkjum og skilyrðum um lágmarksveltu bjóðenda. Í umsögn sem barst frá einstaklingi var óskað eftir að tekið yrði tillit til smærri fyrirtækja sem hafa í mörg ár byggt upp ferðaþjónustu á svæðum sem gæti komið til að yrðu boðin út en slík fyrir-tæki væru mörg hver búin að leggja í mikla innviðauppbbyggingu og fjárfestingu. Við vinnslu frumvarpsins var tekið mið af áður nefndum athugasemdum og breytingar gerðar til að koma til mótis við þau sjónarmið sem fram komu í þeim umsögnum sem bárust.